

Ed.

302. Frumvarp til laga

[145. mál]

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

1. a. Í stað 250% álags í Ab-lið 1. gr. laga nr. 93/1955, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., skal innheimta á árinu 1956 340% álag á vörumagnstoll.
- b. Í stað 45% álags í B-lið 1. gr. laga nr. 93/1955, skal innheimta 1956 80% álag á verðtoll.
2. Á árinu 1956 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og viðaukum samkvæmt 1. lið a—b í þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til bygginga tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau.
3. a. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1956 20 aura af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga. Hækkun þessi tekur og til benzinbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 lítrar hjá hverjum eiganda.
- b. Á árinu 1956 skal innheimta af hverri bifreið og bifhjóli skatt, er sé jafnhár skatti þeim, er af þeirri bifreið ber að greiða fyrir árið 1955 samkvæmt c—e-liðum bifreiðaskattslaganna, þó þannig, að skattur þessi af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzin, skal aðeins vera kr. 45.00 af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra. Gjald þetta innheimtist með bifreiðaskatti og nýtur sömu lögverndar og bifreiðaskattur, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
- c. Á árinu 1956 skal innheimta af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 6 — sex — krónur í innflutningsgjald af hverju kg, og tekur þetta einnig til birgða þeirra, sem til eru í landinu hjá innflytjendum og heildverzlunum, þá er lög þessi öðlast gildi.
- d. Eigendur gjaldskylds benzíns, hjólbarda og slangna skulu innan 10 daga frá gildistöku laga þessara vera skyldir að tilkynna innheimtumönnum ríkissjóðs um birgðir sínar, svo og að aðstoða við að kanna birgðir sínar og mæla þær.

Innheimtumenn ríkissjóðs geta krafist um upplýsingar þær, sem getur í 5. málsgrein 5. gr. laga nr. 68/1949, og til að ganga úr skugga um það, að þær séu réttar, geta þeir framkvæmt sams konar athugun og tollyfirvaldi er heimiluð í síðustu málsgrein 13. gr. tollskrálaganna.

Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að hægt sé að afgreiða fjárlög 1956 án greiðsluhalla, er óhjákvæmilegt að afla ríkissjóði tekna umfram það, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum, og hefur ríkisstjórnin orðið sammála um að afla viðbótartekna í þessu skyni með þeim hætti, er í frumvarpi þessu greinir.

1. a. Álag á vörumagnstoll er nú 250% og hefur haldizt óbreytt frá 1. janúar 1951. Á þessum árum hefur verðlag í landinu á hinn bóginn hækkað verulega og vörumagnstollur því lækkað í hlutfalli við vöruverð. Samkvæmt útreikningi hagstofunnar mætti álag þetta hækka í 336% til þess að vörumagnstollur nú yrði jafnhár í hlutfalli við framfærsluvísitölu og hann var árið 1951. Hér er gert ráð fyrir 340% álagi og verður vörumagnstollurinn því sem næst nákvæmlega hlutfallslega jafnhár og hann var, þegar Alþingi síðast ákvað grunntollinn. Ekki er gert ráð fyrir því, að vörumagnstollsálagið taki til benzíns eða vara þeirra, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 93/1955.
- b. Verðtollsálagið hefur verið 45% frá 1. janúar 1951, en var áður 65%, en er nú fært í 80%. Álagið tekur ekki til vara þeirra, sem taldar eru í 2. gr. laga nr. 93/1955.
2. Tollgæzlan og tollstarfsemin yfirleitt er alls staðar hér á landi í húsnæðishraki, og háir það mjög starfsemi þessari allri. Til þess að bæta úr þessu er hér gert ráð fyrir því, að aflað verði með 1% álagi á aðflutningsgjöld fjár í sérstakan sjóð til byggingar tollstöðvar í Reykjavík og á öðrum stöðum eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra. Ekki er ætlað til, að álagið taki til söluskatts af innfluttum vörum, en hins vegar til allra annarra aðflutningsgjalda. Verður það til að auðvelda útreikning gjaldsins, og reiknast þá gjaldið af sama stofni og söluskattur af innfluttum vörum.
3. a. Innflutningsgjald af benzíni hefur verið óbreytt frá því, að það var ákveðið í lögum árið 1949, 31 eyrir af hverjum lítra. Vörumagnstollur af benzíni nemur sem svarar 15 aukum af lítra og hefur staðið svo síðan í ársbyrjun 1949. Samkvæmt útreikningi hagstofunnar mættu aðflutningsgjöld af benzíni hækka um 47.1 eyri á lítra, til þess að þau yrðu nú jafnhá í hlutfalli við framfærsluvísitölu og þau voru árið 1949. Hér er þó aðeins lagt til, að innflutningsgjaldið hækki um 20 auka, og skulu 5 aurar af þeirri hækkun renna í brúasjóð og 5 aurar til að standa undir kostnaði við að leggja vegi milli byggðarlaga.
- b. Bifreiðaskattur og gjald af hjólbörðum og slöngum voru síðast ákveðin með lögum nr. 68/1949 og hafa haldizt óbreytt síðan. Hér er gert ráð fyrir að tvöfalda þau, og er þá m. a. við það miðað, að þá yrðu þau jafnhá að tiltölu við framfærsluvísitölu og þau voru, er þau voru sett.
Þó hækkar skattur af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, aðeins um 50 af hundraði frá því, sem hann er nú.
Í þessu sambandi þykir rétt að benda á, að bifreiðaskattur af venjulegri 6 manna fólksbifreið, sem algeng er hér á landi, hefur frá árinu 1949 numið kr. 504.00 á ári og verður því eftir hækkunina kr. 1008.00, en skattur af sams konar bifreið er nú t. d. í Noregi 1256.00 kr.
Bifreiðaskatturinn nær ekki til skólabifreiða né vörubifreiða sem ganga fyrir benzíni, og eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu bifreiðaskatts ef þeir sanna með vottorðum skattanefnda að þeir hafi notað bifreiðarnar að mestu eða öllu leyti við framleiðslu og jarðyrkjjustörf.
Gert er ráð fyrir að þessir tekjuaukar gefi ríkissjóði 47—49 milljón króna tekjur á þessu ári og er þess vænt að það nægi til þess að fjárlögin verði greiðsluhallalaus.